Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita
Samþykkt
07 april 2021
Byggingarfulltrúi

BYGGINGARLÝSING:

Íbúðarhús í Hrosshaga 4 í Bláskógabyggð. Húsið verður flutt af núverandi stað, frá Skálholti í sama sveitarfélagi þar sem það var byggt árið 2010 sem aðstöðuhús. Húsið verður endurinnréttað sem íbúðarhús samkvæmt uppdráttum þessum. Fyrir liggja upprunalegir aðaluppdrættir gerðir af sama hönnuði. Einnig liggja fyrir uppdrættir burðarvirkis yfirbyggingar.

| | |
|---|---|
| Matshluti | 01 |
| Landnúmer | L228432 |
| Staðgreinir | 8721-2-00052040 |
| Birt flatarmál | 122.4 m² |
| Brúttó rúmmál | 465.9 m³ |
| Stærð lóðar | 18750 m² |
| Nýtingarhlutfall | 0.007 |

Aðkoma er af Hrosshagavegi. Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið.

**UNDIRSTÖÐUR** eru járnbentir steinsteyptir hnallar. Gólf er úr timbri á fjórum stáldregurum.

**BURÐARVIÐIR** hússins eru úr timbri. Veggjagrindur eru C18 45/145. Þak er byggt upp trésperrum C22 45/220.

**EINANGRUN**: Veggir 145mm, þak 200mm, gólf 145mm. Steinull í grind. U-gildi húss skv. meðfylgjandi töflu.

Kólnunartölur (W/m$^2$ K)

| | Krafa | Reiknað |
|---|---|---|
| Gólf | < 0.20 | 0.22 |
| Þak | < 0.20 | 0.17 |
| Útveggir | < 0.40 | 0.25 |
| Vegið meðaltal útveggja | < 0.85 | 0.44 |

**LOFTRÆSTING KLÆÐNINGA OG ÞÉTTLEIKI:**
Útloftun þaks skal minnst vera 1000mm²/m² þaks (Samsvarar Ø40 rör c240). Útveggjaklæðninar verða loftræstar með minnst 25mm loftbili innan við ystu klæðningu. Rakasperra komi innan við einangrun í þaki og á útveggjum. Þéttleiki rakasperru í samræmi við ákvæði byggingarreglugerðar (13.5.1).

**UTANHÚSS KLÆÐNINGAR:** Veggir verða klæddir með láréttri bárujárnsklæðningu í ljósum lit. Áborin viðarklæðning ofan og neðan glugga og á efri hluta gafla. Þak verður klætt með dökku bárujárni ofan á tjöruppappalagða borðaklæðningu.

**INNANHÚS KLÆÐNINGAR OG LÉTTIR VEGGIR:** Klæðningar úr gifsi/krossvið/panel á timburgrind. Klæðningar verða ekki lakari en í flokki 2.

**BRUNAVARNIR** eru tilgreindar á uppdrætti A01.

**VOTRÝMI:** Gólf votrýma verða lögð vatnsheldum hálkufríum efnum og halla að öryggisniðurföllum.

**LOFTRÆSTING:** Í öllum rýmum er loftræsting náttúruleg um opnanleg gluggafög.

**INNTÖK** fyrir neysluvatn og hitaveitu eru staðsett í þvottahúsi.

**UPPHITUN** verður með ofnakerfi tengdu hitaveitu

**NEYSLUVATN** verður lagt frá inntakskassa í eða utan áveggjum með PEX-lögnum í hlífðarkápu úr áli að töppunarstað. Gæta skal að því að hiti vatns við töppunarstað sé minni en 65 C°.

**FRÁRENNSLI:** Skolplagnir tengjast rotþró. Þak- og jarðvatn tengist siturlögnum.

**RAFLAGNIR** eru lagðar utanáliggjandi í lofti og á útveggjum en huldar inn í milliveggjum. Rafmagnstafla er staðsett í þvottahúsi.

**SORP** er afsett og flokkað í tunnur sem staðsettar eru við heimreið.

**BÍLASTÆÐI** eru innan lóðar. Gert verður ráð fyrir rafhleðslustöð.

SKRÁNINGARTAFLA:

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Skráningartafla:** | Hrosshagi 4 - Íbúðarhús | | | | **Skrásetjari:** | Sigurður U. Sigurðsson | | |
| **Landnúmer:** | L228432 | | | | **Kennitala:** | 290772-4279 | | |
| **Matshlutanúmer:** | 01 | | | Útgáfa: 4.01b | **Dags.:** | 12.3.2021 | | |

| **Uppskipting og lýsing** | | | | | **Stærðir** | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| D0 | D1 | D2 | D3 | D4 | D5 | D5M | D6 | D7 | D8 | D9 | D10a | D10b | D11 | D12 | D16 | | D17 |
| Lokun | Rými hæð-röð | Notkun texti | Höfuð-flokkun | Eignar-hald | Botnflötur m² | Milliflötur m² | Stigar m² | Op m² | Brúttóflötur m² | Brúttóflötur sh < 1,8 | Salarhæð min | Salarhæð max | Brúttó rúmmál m³ | Nettóflötur m² | Birt flatarmál m² | Reiknitala skiptarúmmáls | Skipta-rúmmál m³ |
| | | **Matshluti** | | | 122.4 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 122.4 | 0.0 | | | 465.9 | 106.6 | 122.4 | | 384.826 |
| | | **Botn** | | | | | | | | | | | 24.5 | | | | |
| | 01 | **1 hæð** | | | 122.4 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 122.4 | 0.0 | | | 441.4 | 106.6 | 122.4 | | |
| A | 0101 | **Íbúðarhús** | N | 0101 | 122.4 | | | | 122.4 | | 2.93 | 4.28 | 441.4 | 106.6 | 122.4 | 3.61 | 384.826 |

**Athugasemdir**

**Sameignir sumra**

**Eignarhald**

| Eignar-hald | Notkun texti | Birt flatarmál m² | Skiptarúmmál Séreign m³ | Skiptarúmmál Séreign og sameign m³ |
|---|---|---|---|---|
| 0101 | **Íbúðarhús** | 122.4 | 384.826 | 384.826 |
| | **Alls** | 122.4 | 384.826 | 384.826 |




AFSTÖÐUMYND
Mkv. 1:500




YFIRLITSMYND
Ekki í kvarða

HÖNNUÐUR Sig U. Sig.

HÖNNUNARSTJÓRI Sig U. Sig.

HROSSHAGI 4 - L228432
BLÁSKÓGABYGGÐ- ÍBÚÐARHÚS

20211054

SIGURÐUR UNNAR SIGURÐSSON 290772-4279 VERKFRÆÐINGUR

AÐALUPPDRÁTTUR
AFSTÖÐUMYND, BYGGINGARLÝSING, SKRÁNINGARTAFLA

HANNAÐ/TEIKNAÐ: SUS/VMÁ DAGS: 08.03.21 Mkv: 1:500 á A1 TEIKN. NR: A02